

5. gr.

Viðskiptadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í viðskiptadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 100.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi nemenda í stærðfræði, ensku og hagfræðigreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

6. gr.

Upplýsingatæknideild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í upplýsingatæknideild á 1. námsári takmarkast við töluna 35.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði, greinandi hugsun og ensku.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.

REGLUR**um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.**

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðast svo:

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentstöðu og úr dósentstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt reglum um framgangskerfi sem háskólaráð setur. Samþykki deildarforseti slíka hækkun ber háskólaráði að sjá svo til að umsóknir sæti þeirri meðferð sem kveðið er á um í lögum nr. 40/1999.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni, efnavörur eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til notkunar vöru (hluta) ef hún inniheldur dífenýleter, pentabrom- eða oktabromafleiðu.

Til 31. mars 2006 nær bann skv. 1. mgr. ekki til notkunar dífenýleter, pentabromafleiðu, í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla.

Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til dí- μ -oxó-dí-n-bútýltinhýdroxýbóran (DBB), ef það er notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/98/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á pentabromdífenýleter í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla svo aðlaga megi I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 4. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.